




Kjartan Guðjónsson listmálari



## Kjarvalsstaðir:

## Kjartan Guðjónsson með málverkasýningu


KJARTAN Guðjónsson myndlistarmaður opnaði málverkasýningu í vestursal Kjarvalsstaða í gær. Kjartan sýnir 72 verk, 50 olíumálverk og 22 vatnslitamyndir. „Segja má, að konur og heitir litir einkenni nokkuð sýningu mína nú. Ég hef mikið málað verk við sjávarsíðuna. En innan um eru mannlífsmyndir og af sjávarsíðunni,“ sagði Kjartan í stuttu spjalli við Mbl.

Sýning Kjartans Guðjónssonar verður opin alla daga frá 14 til 22 til 27. maí næstkomandi. Þetta er fimmta einkasýning Kjartans. Síðast sýndi hann á

Kjarvalsstöðum árið 1981. „Ég er að reyna að slá metið neðan frá — hafa sem fæstar sýningar,“ sagði Kjartan.

## Safnað fyrir höggmyndinni af Guðríði Símonardóttur

Hópur kvenna í Vestmannaeyjum stendur nú fyrir söfnun vegna höggmyndarinnar um Guðríði Símonardóttur eftir Ragnhildi Stefánsdóttur, en höggmyndina er ráðgert að afhjúpa á 17. júní í Vestmannaeyjum. Nær 350 ár eru nú liðin síðan Guðríður Símonardóttir kom aftur heim til Íslands úr þrælaldinu í Alsir á Afríkuströnd, en þá var það danski konungurinn sem greiddi m.a. lausnargjald Guðríðar og nokkru hafði hún safnað sjálf. Sigurbjörn Einarsson biskup mun flytja ræðu við afhjúpun höggmyndarinnar um Guðríði. Söfnunarkonur í Eyjum leita til fyrirtækja, félaga og einstaklinga. Þær konur sem sjá um söfnunina eru Hrafnhildur Sigurðardóttir, Jóhanna Friðriksdóttir, Stefania Þorsteinsdóttir, Emma Pálsdóttir, Gerður Sigurðardóttir, Sigríður Þóroddsdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir, Fjóla Jensdóttir, María Vilhjálmssdóttir og Guðrún Jóhannsdóttir.



Þorgeir J. Andrésson

## Hádegistónleikar í Íslensku óperunni

Hádegistónleikar verða í Íslensku óperunni nk. þriðjudag, 14. maí, og hefjast kl. 12.15.


Þorgeir J. Andrésson tenór og Guðrún Á. Kristinsdóttir píanóleikari flytja lög eftir Árna Thorsteinsson, Emil Thoroddsen, Jón Þórarinnsson, Þórarinn Jónsson, Schubert, Schumann og Mahler. Tónleikarnir standa í hálf tíma og miðasala verður við innganginn.

(Fréttatilkynning)

## Þórshamar GK seldi í Hull

ÞÓRSHAMAR GK seldi afla sinn, 61 lest, í Hull á fimmtudag. Afllinn var að mestu þorskur og ufsi. Heildarverð var 2.402.000 krónur, meðalverð 39,42.

Við fljúgum beint til  
**SALZBURG**  
Verð aðeins frá kr.  
**12.700-**



Auglýsingaþjónustan

Við bjóðum í sumar einstaklega ódýrar ferðir til Salzburg í Austurríki. Flogið er út í beinu leiguflugi á laugardagskvöldum — fyrsta ferðin verður farin 29. júní og sú síðasta 17. ágúst.

## FLUG OG BÍLL

Salzburg er sérlega heppilegur áfangastaður þeirra sem hyggjast aka um Evrópu á bílaleigubíl — borgin er ekki aðeins falleg sjálf, heldur er hún frábærlega vel staðsett. Í allar áttir liggja góðir vegir um stórfenglegt landslag — til München eru um 150 km, til Feneýja um 350 km, til Prag um 380 km, til Vínar um 300 km svo nokkur dæmi séu tekin um hinar stuttu vegalengdir. Og vegna hagstæðra samninga við Avis bílaleiguna í Austurríki er verðið frábært. Hjón með 3 börn greiða aðeins kr. 52.000 fyrir flug og bílaleigubíl í tvær vikur. (Ekki innifalið: Tryggingar, söluskattur og flugvallarskattur.)

## Ævintýri á gönguför

Austurríki er ævintýraland göngumanna. Við skipuleggjum lengri og skemmri gönguferðir fyrir hópa, útvegum gistingu og leiðsögn.

## Dónársigling

Óvenjulegt ferðalag! Við bjóðum t.d. siglingu um Vín til Búdapest í Ungverjalandi.

## Lestarferðir

Við bjóðum hina vinsælu Eurorail-miða sem opna þér nánast allar lestar í Austurríki og Evrópu í lengri eða skemmri tíma!

Leiguflugið til Salzburg í sumar er einstakt tækifæri til að komast á ódýran hátt til lands sem marga dreymir um að heimsækja.

**Samvinnuferðir - Landsýn**  
AUSTURSTRÆTI 12 - SÍMAR 27077 & 28899  
SÖLUSKRIFSTOFA AKUREYRI: SKIPAGÖTU 18 - SÍMAR 21400 & 23727

